

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 9. febrúar 2010

2013/EES/9/14

um röðun tiltekinnar byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar lím fyrir keramikflísar (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 382)

(2010/81/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunnir að vera að setja fram flokka í grunnskjöllum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“⁽²⁾.
- 2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.
- 3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.
- 4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

5) Í samhæftri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna⁽³⁾.

6) Þegar um er að ræða lím fyrir keramikflísar er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða -efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Í töflunum, sem settar eru fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla

Flokkar líms fyrir keramikflísar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ⁽¹⁾	Innihald lífrænna efna (% af þyngd)	Hámarksþykkt lags: (mm)	Flokkur ⁽²⁾
Lím úr sementi í samræmi við EN 12004	< 20	20	E
Dreifilím í samræmi við EN 12004	< 40	5	
Hvarfaensímlím í samræmi við EN 12004	< 50	5	

⁽¹⁾ Lagt á undirstöðu sem heyrir undir flokk D-s2,d0 eða betri og með eðlismassa sem er $\geq 680 \text{ kg/m}^3$.

⁽²⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB.